



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Viðskiptafræði

Tax Free endurgreiðslur á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna:

*Endurgreiðsluhlutfall hér á landi samanborði við Danmörk,
Noreg og Svíþjóð.*

Ritgerð til BS – prófs í viðskiptafræði

Nemandi: Guðrún Antonsdóttir

Leiðbeinandi: Árni Sverrir Hafsteinsson

Apríl 2013

Tax Free endurgreiðslur á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna:

*Endurgreiðsluhlutfall hér á landi samanborði við Danmörk,
Noreg og Svíþjóð.*

Ritgerð til BS – prófs í viðskiptafræði

Nemandi: Guðrún Antonsdóttir

Leiðbeinandi: Árni Sverrir Hafsteinsson

Apríl 2013

Útdráttur

Mikill vöxtur hefur verið um allan heim í ferðaþjónustu, enda er hún sívaxandi atvinnugrein. Samkeppni í ferðaþjónustu á alþjóðamarkaði er mikil og sífellt fleiri ríki bítast um athygli ferðamanna. Þetta er stór markhópur sem mikilvægt er að leggja áherslu í markaðssetningu með þjónustu og vöruframboði. Því er brýnt að innlend verslun sé samkeppnishæf á alþjóðavísu. Endurgreiðsla á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna var tekin upp hér á landi í því skyni að auka samkeppnisstöðu og efla innlenda verslun. Þegar verslað er Tax Free þá er átt við að hægt sé að fá hluta af virðisaukaskatti af kaupum á vörum endurgreiddan við brottför að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í ritgerðinni verður leitast við að kanna nánar Tax Free endurgreiðslur til erlendra ferðamanna og líta til þess hvert endurgreiðsluhlutfallið sé hér á landi samanborið við önnur ríki á norðurslóðum, þ.e. Danmörk, Noreg og Svíþjóð.

Lykilorð: Virðisaukaskattur, Tax Free, Endurgreiðsla, Endurgreiðsluhlutfall, Ferðamenn, Gjalddeyrstekjur, Samanburður, Samkeppnishæfni.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til grunnnáms í fjarnámi við viðskipadeild Háskólans á Bifröst. Námið er 180 ECTS einingar sem lýkur með BS gráðu. Vinna verkefnisins fór fram á vorönn 2013.

Viðfangsefni ritgerðarinnar er Tax Free eða endurgreiðsluhlutfall af virðisaukaskatti af þeim vörum sem keyptar eru í landinu og farið með af landi brott.

Leiðbeinandi við ritgerðina var Árni Sverrir Hafsteinsson stundakennari við Háskólann á Bifröst og kann ég honum bestu þakkir fyrir leiðbeiningar og góð samskipti. Sérstakar þakkir fá Halla Björk Sæbjörnsdóttir og Ólafur V. Thordersen fyrir frábæra aðstoð og stuðning við gerð þessarar ritgerðar. Einnig fær fjölskylda mín bestur þakkir fyrir þolinmæðina á meðan verkefni þessu stóð.

09. mars 2013

Guðrún Antonsdóttir

Staðfesting lokaverkefnis
til BS gráðu í viðskiptafræði

**Tax Free endurgreiðslur á virðisaukaskatti til erlendra
ferðamanna:**

*Endurgreiðsluhlutfall hér á landi samanborði við Danmörk, Noreg og
Svíþjóð.*

Höfundur verkefnis er :

Guðrún Antonsdóttir

Verkefnið hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst

og hlotið lokaekinnina: _____

Háskólinn á Bifröst, 9. Apríl 2013

Deildarforseti

Leiðbeinandi

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
Myndaskrá	7
1 Inngangur.....	8
1.1 Uppbygging ritgerðar	8
1.2 Rannsóknarspurning	9
1.3 Aðferðafræði	9
2. Skattur.....	11
2.1 Virðisaukaskattur	11
2.2 Undantekningar frá greiðslu virðisaukaskatts.....	14
3. Tax Free	15
3.1 Hvað fellst í Tax Free endurgreiðslum?.....	15
3.2 Endurgreiðslufyrirtækin	16
3.3 Endurgreiðslustaðir	17
3.4 Endurgreiðsluferlið	17
4. Ferðamenn	19
4.1 Gjaldeyrstekjur.....	21
4.2 Hvaða ferðamenn versla mest?	23
4.2 Fyrri rannsóknir	24
5. Samanburður.....	26
5.1 Ísland.....	26
5.2 Danmörk	27
5.3 Noregur	28
5.4 Svíþjóð	29
5.5 Samantekt úr samanburði.....	29
5.6 Samkeppnishæfni.....	Error! Bookmark not defined.
5.7. Samanburður á endurgreiðsluhlutfalli.....	31
6. Niðurstöður	34
7. Lokaorð	36
Heimildaskrá.....	37

Myndaskrá

Mynd 1. Afreikningur virðisaukaskatts

Mynd 2. Farþegar um Keflavíkurflugvöll

Mynd 3. Fjöldi ferðamanna milli ára 2007-2010

Mynd 4. Hlutfall erlendra ferðamanna sem ferðuðust til DKK,NOK,SEK og ISK milli árana 2007-2008

Mynd 5. Heildarferðaneysla ferðamanna 2010-2011 í milljónum króna

Mynd 6. Tax Free sala út frá meðaltali 17 landa 2009-2012

Mynd 7. Íbúðafjöldi í hverju landi

Mynd 8. Samkeppnishæfni

Mynd 9. Fjöldi ferðamanna í hverju landi frá 2007-2010

Mynd 10. Endurgreiðsluhlutfall

Mynd 11. Mismunur á endurgreiðslu milli landa

1 Inngangur

Þjónusta við ferðamenn er vaxandi atvinnugrein um heim allan og samkeppni í ferðaþjónustu á alþjóðamarkaði því mikil. Ljóst er að þjóðhagslegur ávinningur ríkja af komu ferðamanna er gífurlegur, enda bítast sífellt fleiri lönd um athygli þeirra. Því hafa felst ríki tekið uppá því að bjóða ýmsar ívilnanir fyrir erlenda ferðamenn í því skyni að reyna að laða fleiri þeirra að landi. Þá hefur það jafnframt verið talið mikilvægt að innlend verslun sé samkeppnishæf á alþjóðalega vísu, en þær tekjur sem fást af viðskiptum ferðamanna á innlendum markaði eru afar mikilvægar fyrir þjóðarbúið.

Eitt þeirra úrræða sem sett var fram til að efla slíka samkeppni var að bjóða uppá endurgreiðslur á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna eða svonefndar „Tax Free“ endurgreiðslur, en tilgangur þeirra er að auka samkeppnisstöðu innlendar verslunar gagnvart erlendum aðilum (Frumvarp til laga um virðisaukaskatt, þskj. 781, 431. mál). Tax Free endurgreiðslur fela í sér að við brottför fær erlendur ferðamaður hluta af virðisaukaskatti greiddan til baka af þeirri vöru sem hann verslar hér á landi, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Í ritgerðinni mun höfundur leitast við að kanna nánar Tax Free endurgreiðslur til erlendra ferðamanna ásamt því að líta til þess hve hátt endurgreiðslu hlutfallið sé hér á landi samanborið við önnur ríki á norðurslóðum, þ.e. Danmörk, Noreg og Svíþjóð.

Ekki reyndist hægðarleikur að fá uppgefnar tölulegar upplýsingar við vinnslu þessarar ritgerðar í því skyni að sjá aukningu á endurgreiðslum milli ára. Því var farin sú leið að kanna endurgreiðsluhlutfall ofangreindra þjóða, í þeim tilgangi að sjá hver þeirra greiðir hæsta hlutfallið til ferðamanna. Vegna þessa þurfti höfundur að nálgast viðfangsefnið með töluvert öðrum hætti en áður hafði verið ætlað.

Markmið þessarar ritgerðar er að vekja athygli lesanda á Tax Free, og hver mikill vöxtur hefur verið í heildarneyslu erlendra ferðamanna hér á landi. Viðfangsefnið hefur verið lítið rannsakað og því er athyglisvert að skoða hvernig Ísland stendur samanborð við aðrar Norðurlandþjóðir.

1.1 Uppbygging ritgerðar

Uppbygging ritgerðarinnar er þannig háttað að í upphafi mun höfundur fjalla almennt um skatt og þær reglur sem gilda um greiðslu virðisaukaskatts hér landi. Í því samhengi verður

horft til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Af lestri þeirra laga má draga þá ályktun að meginreglan sé sú að almennt beri að greiða virðisaukaskatt af öllum viðskiptum innanlands, sbr. 1. gr. laganna og fela endurgreiðslur á virðisaukaskatti til erlendra ferðmanna því í sér undanþágu frá þeirri meginreglu. Því næst verðu fjallað á almennan hátt um Tax Free endurgreiðslur, hlutverk þeirra og framkvæmd og þau fyrirtæki sem annast slíkar greiðslur hér á landi. Kannað verður hvort fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á að endurgreiðsla á virðisaukaskatti hafi áhrif á kauphegðun ferðmanna og hvort gerðar hafa verið tæmandi rannsóknir á því. Að því loknu skoðar höfundur annars vegar hvert hlutfall virðisaukaskatts sé í áðurnefndum löndum og hins vegar hvert endurgreiðsluhlutfall þeirra til erlendra ferðamanna sé. Það er gert í þeim tilgangi að kanna hvort samanburðarþjóðirnar séu að endurgreiða álíka hlutfall af virðisaukaskatti til ferðamanna og Íslendingar. Í lok ritgerðar verður svo vikið að helstu niðurstöðum og ályktanir dregnar í lokaorðum.

1.2 Rannsóknarspurning

Val á viðfangsefni er tilkomið vegna áhuga á þeirri aukningu sem hefur verið á ferðamönnum og endurgreiðslu á Tax Free hér á landi undanfarin ár. Rannsóknarspurningin sem leitast verður við að svara er hvort endurgreiðsluhlutfall á virðisaukaskatti til ferðamanna hér á landi sé í samræmi við endurgreiðsluhlutfall hjá Danmörk, Noregi og Svíþjóð?

Fyrirhugað var að skoða sölutölur á Tax Free varningi, og sjá hvort aukning hefur orðið á milli ára. Þar sem ekki reyndist fært var að fá tölulegar upplýsingar um endurgreiðslur, þá var ekki vinnandi vegur að halda þeirri rannsóknarvinnu áfram. Því var farin sú leið að skoða hversu hátt endurgreiðsluhlutfall ofangreind lönd greiða af virðisaukaskatti til ferðamanna og hvort endurgreiðsluhlutfall þjóðanna sé sambærilegt. Áhugavert er að sjá hvort Íslendingar greiði álíka hátt hlutfall af virðisaukaskatti til ferðamanna og þau lönd sem hér verða til samanburðar. Þar sem annað endurgreiðslufyrirtækið af þeim tveimur sem eru starfandi hér á landi er ekki með starfsemi í Finnlandi var ákveðið að hafa einungis þrjú Norðurlönd til samanburðar. Því takmarkast neðangreind umfjöllun við endurgreiðslur á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna við Danmörk, Ísland, Noreg og Svíþjóð.

1.3 Aðferðafræði

Til að greina viðfangsefni þessara ritgerðar verður leitað eftir upplýsingum og heimildum frá endurgreiðslufyrirtækjunum *Global Blue* og *Tax Free Worldwide*. Bæði fyrirtækin eru starfandi hér á landi og í þeim löndum sem hér verður gerður samanburður á. Áætlað er að hafa samband við endurgreiðslufyrirtækin til að fá sem marktækastar upplýsingar um Tax

Free fyrirkomulagið og tölulegar upplýsingar. Stutt umfjöllun verðum um Virðisaukaskatt sem settur var á með lögum árið 1988, lögin tóku gildi þann 1. Janúar 1990 og leystu af hólmi áður gildandi söluskattslög. Stuðst verður við netheimildir, bækur, lög og reglugerðir, auk annarra heimilda. Notast verður við eiginlegar og meginlegar aðferðir þar sem spurningum verður varpað fram og reynt verður að fá tölulegar upplýsingar um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til ferðamanna og aukningu á neyslu þeirra hér á landi.

2. Skattur

Skattur er greiðsla sem fjöldi aðila greiðir til hins opinbera, sem notar þá til að fullnægja sameiginlegum þörfum þjóðfélagsþegna. Skattgreiðendum í hverju ríki ber að greiða skatt til að fjármagna þjónustu og framkvæmdir opinberra aðila í almannabágu (Ásmundur G.Vilhjálmsson, 1994). Skattur er eitt helsta tekjuöflunartæki ríkisvaldsins og eru þau gjöld sem einstaklingar og fyrirtæki greiða til ríkisins og sveitarfélaga síðan notuð til að standa straum af sameiginlegum útgjöldum. Hugtakið skattur er samkvæmt skilgreiningu Jónatans Þórmundssonar:

“Skattur er greiðsla, venjulega peningagreiðsla, sem tilteknir hópar einstaklinga eða lögaðila verða að gjalda til hins opinbera samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins eftir almennum, efnislegum mælikvarða og án sérgreinds endurgjalds frá hinu opinbera.” (Jónatan Þórmundsson, 1982, bls. 2).

Þeir helstu skattar sem lagðir eru á einstaklinga hér á landi, eru tekjuskattur, fjármagnstekjuskattur og virðisaukaskattur. Tekjuskattur og útsvar er lagður á tekjur einstaklinga samkvæmt skattframtali. Tekjuskattur leggst jafnt á alla og fer til ríkisins. Útsvar fer til sveitarfélaga sem leggst misjafnt á einstaklinga, eftir álagningu hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig. Fjármagnstekjuskattur er skattur sem leggst á eignatekjur einstaklinga utan atvinnurekstrar þ.e vaxtatekjur, arður og söluhagnað (RSK Ríkisskattstjóri, e.d.). Virðisaukaskattur er hins vegar skattfjárhæð sem leggst á selda vöru eða þjónustu og er eitt meginviðfangsefni ritgerðar þessarar. Verður því næst vikið að ýmsum atriðum er varða greiðslu virðisaukaskatts.

2.1 Virðisaukaskattur

Virðisaukaskattur er innheimtur af innlendum viðskiptum á öllum stigum og við innflutning á vöru og þjónustu (RSK Ríkisskattstjóri, e.d). Virðisaukaskattur var tekin upp hér á landi skv. lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt (hér eftir skammstafað vskl.). Lögin tóku gildi þann 1.janúar 1990 og leystu af hólmi áður gildandi söluskattslög. En söluskattur var áður innheimtur frá árinu 1945 að undanskildum árunum 1946 og 1947, allt þar til virðisaukaskattur var tekin upp árið 1990. Frá þeim tíma hefur umgjörð og viðskiptahættir breyst mikið, samkeppnin er orðin harðari og meiri frjálstræði er í viðskiptum. Talið var að mikil vandkvæði væru í innheimtu á söluskatti. Kerfið reyndist þungt í vöfum og erfitt var að

hafa eftirlit með því. Skilgreining á því hvað væri skattskyld og hvað væri ekki skattskyld var frekar óljóst í áðurgildandi lögum og ýmsar undanþágur og endurgreiðsluákvæði söluskattslaga voru talin mismuna atvinnugreinum og framleiðleiðslufyrirtækjum. Ljóst var að neytendur völdu frekar vöru og þjónustu sem var undanþegin söluskatti en þeirri sem var söluskattskyld, og hafði það áhrif á framleiðsluþætti fyrirtækja. Sem dæmi má nefna að vinna við húsbyggingar og aðrar byggingar var undanþegin söluskatti, fór vinnan fram á byggingarstað, voru byggingar eða hýbýli hinsvegar framleidd í verksmiðju, varð salan söluskattskyld. Í þessu tilviki mismunaði söluskatturinn framleiðsluaðferðinni og var talin koma í veg fyrir vélavæðingu og ýmsa hagræðingu við framleiðslu. Þetta var eitt af þeim vandkvæðum við söluskattskerfið. Ljóst var að veigamiklir gallar voru á kerfinu og erfitt var að lagfæra þætti innan þess, því var talið nauðsynlegt að taka upp nýtt skattkerfi (Frumvarp til laga um virðisaukaskatt, þskj. 781, 431. mál, bls. 19).

Helsta einkenni virðisaukaskatts, og það sem aðgreinir hann frá söluskattinum sem hann kom í staðinn fyrir, er að hann er innheimtur á öllum stigum viðskipta (Ríkisskattstjóri, 1998). Virðisaukaskattur er almennur neysluskattur og er í flokki óbeinna skatta sem þýðir að kaupandi á vöru og þjónustu greiðir skattinn ekki beint í ríkissjóð, heldur gerir hann það óbeint með áðurnefndum kaupum. Því meiri sem neysla verður því hærri virðisaukaskatt greiðir kaupandinn. Seljandi vörunar eða þjónustunnar, greiðir skattinn síðan í ríkissjóð (RSK Ríkisskattstjóri, e.d).

Virðisaukaskattur skiptist í innskatt og útskatt. Útskattur er sá skattur sem fyrirtæki innheimtir af skattskyldri veltu sinni. Innskattur er sá virðisaukaskattur sem fyrirtæki eða skattskyldur aðili greiðir öðrum skattaðilum eða tollstjóra við kaup eða innflutning á vörum og öðrum aðföngum til að nota í reksturinn. Það sem einkennir innskattinn er frádráttarheimildin, en það er heimild fyrir skattaðila að draga innskatt frá útskatti, en með frádráttarheimildinni er komið í veg fyrir margsköttun (RSK Ríkisskattstjóri, 2011, bls. 26).

Hver söluaðili leggur skatt, *útskatt*, á söluverð sitt, en við skil á skattinum í ríkissjóð dregur hann frá þann skatt, *innskatt*, sem hann hefur áður greitt. Skatturinn leggst þannig á mismun söluverðs og kaupverðs, þ.e. á þann virðisauka sem verður til hjá hverju fyrirtæki fyrir sig, endanlegur neytandi greiðir útskatt smásala (RSK Ríkisskattstjóri, 2011). Skattverð er það verð sem virðisaukaskattur er reiknaður af við sölu á vöru. Skattverð miðast við heildarendurgjald eða heildarandvirði hins selda án virðisaukaskatts og er því viðbót við það sem seljandi setur upp fyrir vörur eða þjónustu, sbr. 1. mgr. 7. gr. vskl.

Skattþrep virðisaukaskatts eru tvö, þ.e. 7% og 25,5%, en hið síðarnefnda er hið almenna þrep í virðisaukaskatti, sem þýðir að öll sú vara og þjónusta sem er skattskyld samkvæmt lögum ber það skattahlutfall, nema annað komi fram í lögum. Sjö prósent þrepið nær m.a. til matvæla, húshitunar, gisti-og veitingarþjónustu. Skattskylda nær til allrar vinnu og þjónustu í atvinnuskyni, þó getur tiltekin velta verið undanþegin skattskyldu (RSK Ríkisskattstjóri, e.d).

Afreikningur virðisaukaskatts af heildarverði er 20,32% þegar um er að ræða sölu í 25,5% skattþrepi, $1000 * 1,255 = 1255$ ($1000 * 0,255 = 255 + 1000 = 1255$), en 6,54% þegar um er að ræða sölur í 7% skattþrepi, eða $1000 - 1 / (1 + 7\%) = 6,54\%$. Með afreikningi er átti við skjal sem er jafngilt sölureikningi að öðru leyti en því að það er gefið út af kaupanda eða ákveðnum milliaðila vegna viðskipta en ekki seljanda. Þeir sem taka við framleiðslu annarra til vinnslu eða endursölu skulu gefa út afreikninga en þeir koma í stað sölureikninga (RSK Ríkisskattstjóri, 2011, bls. 14). Til nánari útskýringar má líta til neðangreindrar töflu, en þar má sjá hlutfall virðisaukaskatts vegna kaupa á vöru og þjónustu í báðum skattaflokkum þ.e.a.s. miðað við heildarverði (VSK fyrir byrjendur Virðisaukaskattur Atvinnurekstur Ríkisskattstjóri, e.d).

Vara eða þjónusta í 25,5% skattþrepi			
Verð án virðisaukaskatts.	1.000	Verð með virðisaukaskatti.	1.255
Virðisaukaskattur 25,5%	255	Virðisaukaskattur 20,32 %	255
Verð með virðisaukaskatti.	1.255	Verð án virðisaukaskatts.	1.000
Vara eða þjónusta í 7 % skattþrepi			
Verð án virðisaukaskatts.	1.000	Verð með virðisaukaskatti.	1.070
Virðisaukaskattur 7%	70	Virðisaukaskattur 6,54 %	70
Verð með virðisaukaskatti.	1.070	Verð án virðisaukaskatts.	1.000

Mynd 1 Afreikningur virðisaukaskatts
(RSK Ríkisskattstjóri, e.d.(d))

Með lestri af ofangreindri töflu má sjá að virðisaukaskattshlutfall endurspeglar ekki að öllu leyti það hlutfall heildarverðs sem neytandi greiðir fyrir tiltekna vöru í viðskiptum. Þannig nemur virðisaukaskattur aðeins 20,32% heildarverðs í almennu skattþrepi og 6,54% í hinu lægra 7% skattþrepi.

Líkt og að framan hefur verið rakið er meginreglan sú að almennt beri að greiða virðisaukaskatt af sölu allrar vöru eða þjónustu, en frá þeirri meginreglu er að finna ákveðnar undantekningar.

2.2 Undantekningar frá greiðslu virðisaukaskatts

Ekki verður fjallað hér ítarlega um allar þær undanþágur sem ríkja frá meginreglunni um greiðslu virðisaukaskatts heldur verður fjallað sérstaklega um eina undanþágu, þ.e. undanþágu ákvæði 43.gr. vskl. Í 43.gr. laganna er kveðið á um að heimilt sé að endurgreiða virðisaukaskatt af seldri vöru og þjónustu til aðila með fasta búsetu erlendis, þ.e. endurgreiðsla á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna, en sú undanþága var fyrst og fremst sett fram til að tryggja samkeppnisstöðu landsins gagnvart erlendum aðilum í viðskiptum. Ef starfsemi er undanþegin skattskyldum, þá þarf hún að vera nákvæmlega og sérstaklega tilgreind í lögum (Frumvarp til laga um virðisaukaskatt, þskj. 781, 431. mál, bls. 62-63).

Með í 43.gr. laga um vskl. er ráðherra heimilað að setja reglugerð um skilyrði fyrir því að endurgreiða megi greiddan virðisaukaskatt til ferðamanna. Á grundvelli þeirrar heimildar hefur ráðherra sett reglugerð nr. 294/1997 um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna, en þar má finna þau skilyrði sem erlendur ferðamaður þarf að uppfylla svo hann geti talist eiga rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts. Samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar þarf viðkomandi aðili að uppfylla þrjú skilyrði til að fá endurgreiddan virðisaukaskatt. Í fyrsta lagi þarf sá sem í hlut á að vera með erlent heimilisfesti, sbr. 2. gr. reglugerðarinnar. Í öðru lagi þarf kaupandi vörunnar að hafa hana með sér af landi brott innan 30 daga frá kaupum, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar og í þriðja lagi þarf kaupverð vörunnar að vera minnst 4.000 kr. samkvæmt b.-lið. 2. mgr. 3. gr. sömu reglugerðar.

Jafnframt er kveðið á um það í 5. gr. reglugerðar um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna að þeir aðilar sem annast endurgreiðslu til ferðamanna þurfa að hafa hlotið leyfi og samþykki fjármálaráðaneytisins til að annast endurgreiðslu. Tvö endurgreiðslufyrirtæki eru starfandi hér á landi, *Global Blue* og *Tax Free Worldwide*. Þessi fyrirtæki annast endurgreiðslu samkvæmt gildandi lögum um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsetta erlendis. Endurgreiðsluaðila ber skylda til að framfylgja þeim tilskipunum sem fram koma í reglugerð nr. 294/1977 um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna.

Hér hefur verið fjallað um þá undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts er varðar endurgreiðslur til erlendra ferðamanna, eða svonefndar Tax Free greiðslur, á grundvelli þeirra laga og reglugerðar er gilda um viðfangsefnið. Verður því næst vikið nánar að framkvæmd og afgreiðslu Tax Free greiðslna.

3. Tax Free

Verslun með Tax Free felur í sér að hægt sé að fá hluta af virðisaukaskattinum endurgreiddan af þeim vörum sem keyptar eru í landinu og farið með úr landi. Þetta fyrirkomulag er nefnt Tax Free (Tax Free Worldwide-Iceland, e.d).

Líkt og áður hefur verið vikið að er virðisaukaskattur lagður á alla selda vöru og þjónustu skv. lögum nr. 50/1988. Þeim skattgreiðslum er meðal annars ætlað að fjármagna og greiða niður ýmsa þjónustu fyrir þegna landsins. Sem dæmi má nefna þá fer hluti af virðisaukaskattinum í að greiða niður heilbrigðiskerfið hér á landi, sem gerir það að verkum að landsmenn með fasta búsetu, greiða ekki fullan sjúkrahúskostnað. Þeir sem eru með lögheimili erlendis þurfa aftur á móti að greiða fullt verð ef þeir þurfa á slíkri þjónustu að halda hér á landi, þar sem þeir hafa ekki greitt skatta til samfélagsins. Þess vegna eiga erlendir ferðamenn og þeir sem eru með fasta búsetu erlendis meðal annars rétt á að fá virðisaukaskattinn endurgreiddan af vörum sem þeir kaupa og fara með úr landi (Tax Free Worldwide-Iceland, e.d). Huga verður að því að hugtakið tollfrjáls verslun er ekki það sama og Tax Free endurgreiðsla. Vörur sem seldar eru í tollfrjálsum verslunum eru án tolla og skatta og eru aðeins innan þess ríkis þar sem verslunin er staðsett.

3.1 Hvað fellst í Tax Free endurgreiðslum?

Neytendur greiða virðisaukaskatt sem hluta af vöruverði eða kaupverði vörunar. Mismunandi skattur fellur til á vörur og þjónustu, þó er almenni skattur sá sami hér á landi og í Danmörk, Noregi, og Svíþjóð, en það skattahlutfall sem bætist við vöruna hér á landi er 25,5% og í samanburðarlöndunum 25%. Ef virðisaukaskattur er reiknaður til baka er hann ekki nema 20,32% af heildarsöluverði og miðað er við þá prósentutölu við endurgreiðslur. Sjá má nánari umfjöllun hér að ofan um afreikning af heildarverði í kafla 2.1. (Tax Free Worldwide-Iceland, e.d).

Vara sem kostar 1000 kr. fyrir skatt kostar 1255 kr. eftir skatt, ef tekið er 20,32% af þeirri upphæð er varan komin í 1000 kr. Ef talan breytist þá verður prósentutalan að breytast líka til að fá sömu tölu, $1 - 1/(1 + 25,5\%) = 0,203187$. Fram kemur á greiðslukvittun við vörukaupin sú upphæð sem tilheyrir virðisaukaskatti. Þennan skatt geta erlendir ferðamenn fengið endurgreiddan að hluta. Hægt er að safna saman öllum greiðslukvittunum sem falla til við vörukaup og fá ákveðinn hluta endurgreiddan við brottför af landi. Endurgreiðslufyrirtækum eða þeim aðilum sem hafa umboð endurgreiðslu er óheimilt að leysa Tax Free ávísun til sín

nema kaupandi sanni það með framvísun vegabréfs að hann hafi fasta búsetu eða lögheimili erlendis. Jafnframt þarf hann að sýna fram á að hann hafi keypt vöruna hér á landi og hafi hana með sér af landi brott (KEF Keflavíkurflugvöllur). Enn fremur fæst Tax Free endurgreiðsla eingöngu ef keypt er beint úr verslun, ekki ef pantað er í gegnum netið og varan send heim að dyrum og það sama gildir ef varan er t.d. send á hótél þar sem viðkomandi ferðamaður gistir. Því biðja þarf um Tax Free ávísun í þeirri verslun eða þar sem varan er keypt og óska eftir endurgreiðslu við brottför úr landinu.

3.2 Endurgreiðslufyrirtækin

Endurgreiðslufyrirtækin tvö *Global Refund* og *Tax Free Worldwide* eru starfandi í Reykjavík. Bæði fyrirtækin eru með starfsemi um allan heim, þar á meðal í Danmörk, Noregi og Svíþjóð. Fyrirtækin hafa fengið starfsleyfi frá fjármálaráðuneytinu til að annast Tax Free endurgreiðslur hér á landi skv. reglugerð nr. 294/1997. Þau leysa til sín Tax Free ávísanir frá ferðamönnum og innheimta síðan heildarfjárhæð sem þau hafa innt af hendi af frá skattstjóra. Eins og kveðið er á um í framangreindri reglugerð þá skila endurgreiðsluaðilar inn uppgjörsskýrslu til skattstjóra sem endurgreiðir síðan fyrirtækinu heildarfjárhæð þess virðisaukaskatts sem það hefur endurgreitt til ferðamanna. Endurgreiðslufyrirtækin fá 20,32% af virðisaukaskatti endurgreiddan frá skattstjóra, af þeirri prósentu fær ferðamaðurinn 15% endurgreitt, mismunurinn sem myndast þarna á milli nýta fyrirtækin til að greiða ýmsan kostnað, þ.á.m. launa- og rekstrarkostnað og annað sem fellur til. Þannig greiðir ríkissjóður endurgreiðslufyrirtækjunum samtals 20,32% af heildarverðmæti þeirra vara sem ferðamaður flytur úr landi og fær Tax Free endurgreiðslu af, en endurgreiðslufyrirtækin greiða ferðamanninum svo 15% til baka af þeim vörum sem hann flytur úr landi og telja fyrirtækin svo mismuninn til veltu. Ferðamaður þarf að skila endurgreiðslu ávísuninni í Landsbankann þegar hann fer af landi. Ef ávísunin hefur ekki skilað sér til endurgreiðslufyrirtækisins er endurgreiðsluupphæðin bakfærð úr af kreditkorti viðkomandi þ.e.a.s ef hann hefur fengið greiðsluna inná kreditkortið sitt.

Það eru ekki aðeins ferðamaðurinn og endurgreiðslu fyrirtækin sem hagnast á þessu fyrirkomulagi, heldur eykst einnig hagur smásala við samningsgerð við endurgreiðslufyrirtækin. Þannig eru verslanir skráðar á heimasíðum þeirra og endurgreiðslufyrirtækin leitast við að beina athygli ferðamanna að kaupmönnum sem eru í samstarfi við þau, en með því er verið að hámarka hag beggja aðila. Hægt er að fá upplýsingar

um hvaða fyrirtæki eru með Tax Free á heimasíðum endurgreiðslufyrirtækjanna, en einnig er Tax Free merkið þekkt meðal alþjóðalegra ferðmanna og því auðvelt að finna það í viðeigandi verslunum. En þær verslanir sem hafa gert samstarfssamning við endurgreiðslufyrirtækin eru merktar sérstaklega með Tax Free merkjum til að ferðamaðurinn eigi auðveldara með að átta sig á hvaða verslanir bjóða upp á þessa þjónustu (Global Blue, e.d).

3.3 Endurgreiðslustaðir

Endurgreiðslustaðir eru fjölmargir hér á landi, en Landsbankinn á Keflavíkurflugvelli annast endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna í afgreiðslu á brottfarasvæði Keflavíkurflugvallar (Landsbankinn, e.d). Auk hinna hefðbundnu endurgreiðslustaða er víða að finna hina svonefndu Pre-paid staði. En það eru afgreiðslustaðir þar sem hægt er að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti gegn framvísun Tax Free ávísunar útgefni af fyrrgreindum endurgreiðslufyrirtækjum áður en haldið er af landi brott. Hugmyndin með Pre-paid stöðum er að endurgreiðslan skili sér þannig aftur í umferð, og við það myndast ákveðin hringrás þar sem viðkomandi fær endurgreiðslu í íslenskum krónum sem hann mun koma til með að nota hér á landi meðan á dvöl hans stendur. Pre-paid afgreiðslustaðir eru víða í Reykjavík. Sem dæmi eru þeir staðsettir í Kringlunni og Smáralindinni, Iceland Travel Market Bankastræti og í Rammagerðinni Hafnarstræti (Tax Free Worldwide, e.d).

3.4 Endurgreiðsluferlið

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fengust frá *Tax Free Worldwide* þá er ferlinu þannig háttað að verslanir gera samstarfssamning við annað hvort fyrirtækið. Fyrirtækin leitast við að einfalda endurgreiðsluferlið fyrir ferðamenn í því skyni að þjónusta þá á greiðari hátt og auka þannig sölutekjur og hag smásala. Endurgreiðsluaðilarnir sjá verslunum fyrir öllu því sem tilheyrir ferlinu, þ.á.m. formum, umslögum og kynningarbælingum fyrir ferðamennina ásamt því að veita starfsmönnum þjálfun og leiðbeiningar til að auðvelda ferðamanninum ferlið (Tax Free Worldwide, e.d).

Endurgreiðsluferlið fer þannig fram að skila þarf útfylltri Tax Free ávísun sem ferðamaðurinn hefur fengið afhent við kaup á vöru og sýna vöruna ef fjárhæðin er hærri en 4.000 kr. þegar farið er úr landi. Ef söluupphæðin er hærri en 34.501 kr., þarf að sýna vöruna í tollinum og fá tollstimpil á Tax Free ávísunina (Tax Free Worldwide-Iceland, e.d).

Landsbankinn á Keflavíkurflugvelli er stærsti endurgreiðsluaðilinn hér á landi með um 72% endurgreiðsluhlutfall (Global Blue, e.d). Hægt er að fá endurgreiðslu færða inná kreditkort, eða greitt út í peningum. Stærsti hluti ferðamanna fær endurgreiðsluna inná

kreditkortinu sitt eða um 43%. Greiða þarf þóknun hjá öðru hvoru fyrirtækinu ef greitt er út í peningum, en sé endurgreiðsla lögð inná kreditkort þá er ekki tekin þóknun fyrir það. Fyrirtækin leitast við að kynna og auðvelda ferðamönnum og verslunareigendum endurgreiðsluferlið sem er liður í að efla þjónustu og styðja við verslanir í landinu. Þær tekjur sem fást af veru ferðamanna hér á landi og viðskiptum þeirra á innlendum markaði er mikilvægur ábati fyrir þjóðfélagið.


Þar sem megin viðfangsefni ritgerðar þessar fjallar um sérstakar skattalegar ívilnanir til erlendra ferðmanna verður því næst fjallað um ferðaþjónustu á Íslandi og í þeim samanburðarlöndum sem hér koma til skoðunar samhengisins vegna.

4. Ferðamenn

Ferðamennska er mikilvæg fyrir flestar þjóðir, fyrst og fremst vegna tekjuöflunar með sölu á þjónustu og varning. Ferðamennska er tímabundin hreyfing fólks til áfangastaða utan hins venjubundna heimils og vinnustaðar. Ferðaþjónusta er frábrugðin öðrum greinum þar sem hún er ekki skilgreind út frá vöru- eða þjónustuframboði, heldur eiga fyrirtækin sem flokkast undir þessa atvinnugrein það sameiginlegt að þjóna sama markhópi (Ferðamálastofa, 2013).

Mikill uppgangur var í ferðaþjónustu um allan heim árið 2012 og voru allt að einn milljarður alþjóðlegra ferðamenna á faraldsfæti eða um 4% aukning frá árinu 2011. Gert er ráð fyrir að vöxtur haldi áfram árið 2013 en þó er talið að aukningin verði ekki eins mikil og fyrri ár í ljósi hins alþjóðlega fjármálahruns um allan heim (World Tourism Organization UNWTO, 2013).

Ísland hefur að undanfögnu verið ofarlega á alþjóðlegum lista yfir þá staði sem áhugaverðast er að heimsækja og hefur hér orðið gífurleg efling í ferðaþjónustu (Ferðamálastofa, 2013). Eins og sjá má af á mynd nr. 2. hér að neðan, sem sýnir fjölda þeirra farþega sem fara í gegnum Keflavíkurflugvöll, þá hefur orðið 46,8% aukning á komu þeirra á þessu tímabili. Árið 2003 fóru 600.369 ferðamenn í gegnum flugvöllinn, en árið 2007 var metfjöldi farþega um Keflavíkurflugvöll, en þá jókst heildarfjöldi gesta í 927.689. Farþegum fækkaði í 719.073 árið 2009 en hefur farið vaxandi síðan eða aukist um 5,19% milli árána 2007-2011.



Mynd 2 Fjöldi farþega um Keflavíkurflugvöll
(Ferðamálastofa, e.d)

Rétt er að geta þess að það koma ekki allir ferðamenn til landsins í gegnum Keflavíkurflugvöll, þeir koma einnig um aðra flugvelli, með Norrænu eða öðrum skipum, eins og t.d skemmtiferðaskipum. Inn í þessum tölum eru eingöngu ferðamenn sem hafa farið í

gegnum Keflavíkurflugvöll á tímabilinu 2003-2011. Áætlað er að þessar tölur nái yfir 96% erlendra gesta sem koma til landsins (Ferðamálastofa, e.d). Þrátt fyrir niðursveiflur á milli árunna 2009-2010 þá eru ýmsar vísbendingar um að vöxtur í ferðaþjónustu verði umtalsverður á Íslandi næstu árin líkt og ofangreind mynd gefur vísbendingu um. Eldgosið í Eyjarfjallajökli hafði til skamms tíma neikvæð áhrif á ferðaþjónustu hér á landi en það vakti gríðarlega athygli engu að síður. Í slíkum náttúruhamförum geta þó legið tækifæri vegna þeirrar umfjöllunar sem slíkur viðburður fær í alþjóðlegum fjölmiðlum.


Í raun er athyglisvert er að sjá hvað Ísland er öflugt ferðamannaland í samanburði við hin löndin. Þrátt fyrir að alþjóðleg fjármálakreppa hafi sett svip sinn á ferðaþjónustu í heiminum öllum og auk þess sem Ísland er ólíkt hinum samanburðarlöndunum og staðsett á afskekkttri eyju í norður Atlantshafi með takmarkaða samgöngumöguleika til og frá landinu. Þannig komu árið 2007 1.058.000 ferðamenn til Íslands, og árið 2009 voru erlendir gestir 1.280.000 sem er þó nokkuð hærri en íbúafjöldi landsins sem er um 320.000 talsins, á meðan Norðmenn og Svíar ná ekki sínum eigin íbúðafjölda, sbr. neðangreind mynd.

Ár	Danmörk	Noregur	Svíþjóð	Ísland
2007	9.284.000	4.377.000	5.224.000	1.058.000
2008	9.016.000	4.347.000	4.555.000	1.106.000
2009	8.547.000	4.346.000	4.678.000	1.280.000
2010	8.744.000	4.767.000	4.951.000	1.213.000
				4.657.000

Mynd 3 Heildarfjöldi ferðamanna milli ára 2007 – 2010 (indexmundi, e.d)

Eins og sjá má voru allt að 4.377.000 ferðamanna sem heimsóttu Noreg árið 2007, en íbúafjöldi þar er 4.985.870. Árið 2007 komu til Svíþjóðar 5.224.000 ferðamenn, en töluverð fækkun varð árið 2009, þá komu samtals 4.678,000 erlendir gestir til landsins, en íbúafjöldi í landinu er rúmlega níu milljónir. Einnig varð fækkun á milli ára í Danmörku, árið 2007 komu 9.284.000 ferðamanna til landsins en fækkun varð árið 2009 niður í 8.547000.

Á mynd nr. 4 hér að neðan má sjá hver heildarprósentsfjöldi farþega til hvers lands er á tímabilinu 2007-2010. Til dæmis var heildar fjöldi ferðamanna til Íslands á þessu tímabili 4.657.000 og þar af komu 26,05% þeirra til landsins árið 2010 (indexmundi, e.d).



Mynd 4 Hlutfall erlendra ferðamanna sem ferðuðust til samanburðarlandanna á árunum 2007-2010 (indexmundi, e.d).

Á árunum 2009 – 2011 fækkaði ferðamönnum hinsvegar um 4,9%. Aukning hefur þó verið síðastliðin ár þar sem gistinóttum á hótélum hér á landi hefur fjölgað á milli árana 2011 og 2012. Í desember 2011 voru gistinætur samtals 69.300 en ári síðar voru þær 88.700 eða um 28% aukning milli ára (Hagstofa Íslands, 2012). Gögn um gistinætur erlendra ferðamanna sýna fram á að árstíðarsveiflur eru að minnka, ef skoðaðar eru aukningar á gistinóttum fyrir árið 2012. Með árstíðarsveiflum er átt við að mun fleiri erlendir ferðmenn eru á faraldsfæti yfir sumarmánuðina en aðra mánuði ársins og dreifist koma þeirra því ekki jafnt yfir allt árið. Þessi hattbóla er algeng og þekkt um allan heim (ICELAND.IS, 2012). Ætla má að þróun þessi hafi góð áhrif á þjónustu og verslun í hverju landi fyrir sig þar sem árstíðarsveifla getur skapað mikið ójafnvægi og erfiðleika við uppbyggingu ferðaþjónustufyrirtækja og verslana.

4.1 Gjaldeyrstekjur

Auðlegð þjóða veltur ekki eingöngu af fjölda ferðamanna og þeim störfum sem skapast í tengslum við ferðaþjónustu. Þjóðhagslegur ábati skapast vegna bættra nýtingar framleiðsluþátta, s.s vegna tækniframfara, stærðarhagkvæmni, en skilar einnig ferðaþjónusta ávinning fyrir þjóðfélagið, hún eykur íbúafjölda landsins og efnahagsleg hagsemi verður til í formi tekna sem af henni hljóttast (LOUISIANA TAX FREE SHOPPING, e.d).

Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands segir til um að hagnaður fyrir hvern gest sem dvelur hér á landi sé mismunandi, en það fer meðal annars eftir ferðamáta, hvar hann dvelst og hvert hann fer. Því er nauðsynlegt að beina ferðamannastraumnum vítt og breitt um landið til að tryggja gott gengi ferðaþjónustu um landið allt (Samgönguráðuneytið, 2006, bls. 23). Tekjur af henni skapast í gegnum gjöld og óbeina skatta sem eru mismunandi hjá hverju landi

fyrir sig, en staðreyndin er sú að ferðaþjónusta skapar atvinnutækifæri og grundvöll fyrir rekstri ýmissa fyrirtækja. Hún skapar störf, gjaldeyrisstekjur, auk þess sem verslanir -og þjónustufyrirtæki njóta góðs af ferðamönnum. Sum þjónustufyrirtæki ættu varla tilverugrundvöll ef ferðamenn væru ekki til staðar og ferðamannaverslun er farinn að skipta máli í almennri verslunarstarfsemi hér á landi. Ferðaneysla erlendra ferðamanna hér á landi er áætluð um 133 milljarðar kóna á árinu 2011 eða um 13% hærra en árið 2010 (Ferðamálastofa, e.d).

Þessi tekjuaukning milli ára má einnig sjá í kortaveltu erlendra greiðslukorta en heildar veltan hefur aukist stöðugt frá 2008. Í janúar 2012 jókst veltan um 50% á föstu verðlagi og meðal neysla á mann um 15%. Spáð er fyrir að aukning eigi eftir að vera ennþá meiri þegar líður á árið 2013. Það má vera ljóst að uppgangur hefur orðið í neyslu erlendra ferðamanna hér á landi ef miðað er við kortaveltutölur (Landsbankinn, 2013). Því má ætla að tekjur af erlendum ferðamönnum muni færast í auka með hverju ári ef fer sem horfir.

Á mynd nr. 5 má sjá heildarferðaneyslu erlendra ferðamanna hér á landi árin 2010-2011 og meðal útgjöld þeirra.

	Ferðaneysla miljarðar kr.	Meðalútgjöld á mann	Meðalútgjöld á dag	Meðalútgjöld á dagsferðamanni
2010	117.660	237.807	33.852	12.410
2011	132.688	234.593	33.394	-
Verlagi hvers árs, flugfargjöld meðatalin				
Meðaldvalalengd miðuð við 7,0 nætur				

Mynd 5 Heildarferðaneysla ferðamanna 2010-2011 í milljónum króna (Ferðaþjónusta á Íslandi í Tölum, apríl 2012)


Hagstofan birtir upplýsingar af svo kölluðum ferðaþjónustureikningi, en hann hefur það hlutverk að meta efnahagsleg áhrif ferðaþjónustu fyrir þjóðarbúskapinn (Viðskiptablaðið, 2010). Ferðaþjónustureikningur er gerður upp samkvæmt alþjóðlegum staðli um slíka reikninga. Hann er byggður á niðurstöðum um útgjöld eða kaup erlendra ferðamanna á Íslandi, útgjöld Íslendinga á ferð um eigið land og útgjöldum Íslendinga á leið til annarra landa og á ferðlagi erlendis (Hagstofan, 2011).

Í *Hagtíðindum* sem gefin voru út í desember 2011 af Hagstofu Íslands kemur fram að gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum árið 2009 námu 158 milljörðum króna. Heildarumsvif fyrirtækja í ferðaþjónustu það árið voru ríflega 230 milljarðar króna eða sem svarar rúmlega 15% af vergri landsframléiðslu, meðtalin eru umsvif íslenskra ferða- og flugþjónustufyrirtækja vegna starfsemi utan Íslands (Hagstofa Íslands, 2011, bls. 1). Vöru og

Þjónustuskattar af ferðaþjónustu árið 2009 námu rúmum 13 milljörðum króna. Ferðaneysla erlendra ferðamanna innanlands námu rúmum 111 milljörðum króna, en talið er að útgjöld erlendra ferðamanna á árinu 2010 hafi verið 5% hærra en árið áður (Hagstofan, 2011). Það er því ljóst að ferðaþjónusta skapar gríðarlegar gjaldeyristekjur fyrir þau ríki sem hlúa að þeirri atvinnugrein. Þar sem ferðaneysla erlendra ferðamanna fer hækkandi með ári hverju, þá er athyglisvert að sjá hvaða þjóð verslar að meðaltali mest hér á landi út frá endurgreiðslu á Tax Free.

4.2 Hvaða ferðamenn versla mest?

Hafa verður í huga að ekki eru allir ferðamenn að nýta sér Tax Free, þó aukning hafi verið á slíkum endurgreiðslum milli ára. Fram kemur í tímariti sem útgefið var af Landsbankanum í mars síðastliðnum að ferðamenn frá Rússlandi hafa eytt hvað mestu hér á landi, sé miðað við Tax Free endurgreiðslur. Norðmenn koma þar næst á eftir eins og sjá má af neðangreindri mynd (Landsbankinn, 2013, bls. 13).



Mynd 6 Tax Free sala út frá meðaltali 17 landa frá 2009-2012 (Landsbankinn, 2013)

Athygli vekur að sala varnings á hvern Rússa hefur dregist saman um 20% á milli árana 2011 – 2012. Neysla Norðmanna og Bandaríkjamanna hefur hins vegar aukist frá árinu 2009, en neysla Dana hefur minnkað um 43% milli árana 2009-2012, sem telja verður töluverða lækkun (Landsbankinn, 2013, bls. 13).

Samkvæmt greiningu hagfræðideildar Landsbankans versla Norðmenn, Rússar og Kínverjar jafnframt dýrustu hlutina, þ.e. hæsta meðalkortavelta er útgefin af þessum þjóðum, en

Norðmenn eyða mestu í vörur sem hægt er að fá endurgreiðslur af. Þó ber að gæta að því að aukning á endurgreiðslum til Norðurlanda gæti verið tilkomin vegna þess að hluti þeirra Norðurlandabúa geta verið Íslendingar búsettir erlendis, þar sem þeim hefur fjölgað töluvert á undanförunum árum og hafa því rétt á að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti til baka þegar farið er af landi brott. Fram kemur í áður nefndu tímariti að hægt er að sjá hve sterkt samband er á milli neyslu manna og landsframleiðslu í heimalöndum gesta. Áhugavert er að horfa til þess að neysla fylgir hækkandi landsframleiðslu ríkjanna nokkuð vel. Noregur er meðal ríkustu þjóða heims, hvað varðar landsframleiðslu, en verðlag þar er mjög hátt svo það gæti skýrt þá aukningu sem hefur orðið á endurgreiðslum til þeirra (Landsbankinn, 2013, bls. 13).

Framangreind umfjöllun sker þó ekki á úr um hvort Tax Free endurgreiðslur virki kauphvetjandi gagnvart erlendum ferðamönnum eða hafi bein áhrif á ákvörðun ferðmanna til þess að ferðast sérstaklega til þeirra ríkja er veita Tax Free endurgreiðslur, fremur en annarra. Er því athyglisvert að líta til annarra rannsókna sem gerðar hafa verið um viðfangsefnið.

4.2 Fyrri rannsóknir

Ekki er vitað til að gerðar hafa verið tæmandi rannsóknir á hvort Tax Free endurgreiðslur séu kauphvetjandi eða hafi áhrif á kauphegðun ferðamanna, en ætla má að erfitt geti verið að staðreyna það, þar sem ferðamenn versla ekki ávallt í jafnríkum mæli. Þó að raunin sé sú að endurgreiðsla á virðisaukaskatti til ferðamanna hafi aukist á milli ára þá gefur það ekki rétta mynd um það hvort ferðamenn séu að versla hlutfallslega fyrir hærri fjárhæðir og hvort endurgreiðsla á virðisaukaskatti sé kauphvetjandi, þar sem ekki er hægt að fá tölulega upplýsingar um það.

Í janúar árið 1988 birtist grein í Morgunblaðinu með yfirskriftinni „*Skattfrjáls ferðamannaverslun stuðlar að auknum viðskiptum*“. Í þeirri grein er fjallað um reynslu Bretla, Finna Norðmanna og Svía á Tax Free endurgreiðslum til ferðamanna. Þessar þjóðir töldu að með tilkomu Tax Free hafi orðið gríðarleg aukning í ferðaþjónustu og álitu þær að slík endurgreiðsla hafi haft örvandi áhrif á verslun og virki kauphvetjandi á ferðmenn. Með hliðsjón af þessum upplýsingum þá töldu Samtök verslunarinnar að með tilkomu endurgreiðslu á virðisaukaskatti til ferðamanna hér á landi, myndi verslun aukast til muna, eins og reynslan hafði sýnt fram á hjá hinum Norðurlöndunum (Oddný Þóra Ólafsdóttir, 1988). Þó að reynslan hafi sýnt sig að endurgreiðsla virki kauphvetjandi hjá ofan greindum þjóðum þá er áhugavert að skoða rannsókn sem gerð var í tenglum við Tax Free Shopping í

Louisiana í Bandaríkjunum en sú rannsókn fjallar um hvort endurgreiðsla á virðisaukaskatti leiði til þess að ferðmenn versli í ríkari mæli.

Árið 2003 var gerð rannsókn á vegum Journal of Travel Research í tenglum við Tax Free Shopping. Helstu niðurstöður voru þær að erlendir ferðamenn koma og eyða hvort sem endurgreiðsla á skatti á sér stað eða ekki. Rannsóknin gekk út á það að kanna hvort ferðmenn tæku ákvörðun um að ferðast til Louisiana fylkis í Bandaríkjunum, vegna þess að þar væri hægt að fá hluta virðisaukaskatts endurgreiddan við brottför, en Louisiana var fyrsta ríki Bandaríkjanna til þess að taka upp Tax Free endurgreiðslukerfi (Louisiana Tax Free Shopping for International Visitors, e.d). Fram kom í rannsókninni að Tax Free endurgreiðslukerfið hafði ekki mikill áhrif á komu ferðamanna á þetta tiltekna svæði og því virkaði það ekki eins kauphvetjandi og vonir stóðu til. Einnig kom þar fram að ekki væri hægt að fullyrða að erlendir ferðamenn kæmu og versluðu vegna endurgreiðslunnar, þar sem þær forendur sem notaðar voru fyrir rannsókninni virtust vera ófullnægjandi að mati rannsakenda og talið var að frekari kannanna þyrfti við. Þó var það talið að verslun væri mikilvæg fyrir ferðamenn og gæti í sumum tilfellum verið aðalhvatin fyrir ferðinni. Niðurstaða þeirrar rannsóknar var sú að þangað til að ekki hefur verið gerð sérstök athugun á því hversu mikil áhrif í raun Tax Free hefur á ákvörðun ferðamanna að ferðast og hvort það sé kauphvetjandi verður að draga úr fullyrðingum um þau miklu efnahagslegu áhrif sem Tax Free á að hafa (Dimanche, 2003).

Því getur verið erfitt að fullyrða að ferðamenn eyði meira þar sem endurgreiðsla á virðisaukaskatti er til staðar, þar sem ekki hefur verið gerð tæmandi rannsókn á því. Margir ferðamenn notfæra sér ekki Tax Free endurgreiðslu, eru ekki að versla neitt í viðkomandi ríki eða vita jafnvel ekki hvað Tax Free endurgreiðsla er. Meðan aðrir geta verið mjög uppteknir við að fá endurgreiðslu og versla einungis á þeim stöðum þar sem Tax Free stendur til boða.

Mikil aukning í endurgreiðslum á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna kann að veita ákveðna vísbendingu um að ferðamenn séu farnir að veita Tax Free meiri athygli og áhuga, sé miðað við þær upplýsingar sem fengust frá þeim endurgreiðslufyrirtækjum sem starfa hér á landi. Endurgreiðslufyrirtækin hafa einnig verið meiri áberandi í því að kynna fyrir verslunum þann ávinning og kosti þess að gera samstarfsamning varðandi Tax Free. Upplýsingar um endurgreiðslurnar eru aðgengilegri núna í dag og ferðamenn almennt betur upplýstir um starfsemina. Einnig gæti sú efnahagslega þróun í kjölfar fjármálahrunsins, sem hefur átt sér stað í heiminum eftir 2007 haft þau áhrif að fólk er farið að leita leiða til að fá vöruna sem ódýrasta, en Tax Free er klárlega ein leið til þess.

5. Samanburður

Virðisaukaskattur er við lýði í öllum fjórum samanburðarlöndum, þótt löndin notist við ólík skattþrep. Frakkar voru fyrstir Evrópuþjóða til að innleiða virðisaukaskatt, en Danmörk var fyrst þeirra þjóða sem hér eru til samanburðar. Danir innleiddu virðisaukaskatt árið 1967, Svíþjóð var næst á eftir með innleiðingu árið 1969, síðan Noregur árið 1970 og Ísland árið 1988. Í mörgum löndum Evrópu eru enn í gildi fleiri en eitt skatthlutfall og fer það eftir því hvers konar starfsemi á í hlut. Skipting á vöruflokkum og þjónustu er mismunandi eftir löndum og bera því ólíkt virðisaukaskatthlutfall í hverju landi fyrir sig (Frumvarp til laga um virðisaukaskatt, þskj. 781, 431. mál, bls. 24-25).

Líkt áður hefur verið vikið að er áætlunin hér að gera samanburð á endurgreiðslum virðisaukaskatts milli Íslands, Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar, en löndin tengjast sterkum menningarlegum böndum og eiga margt sameiginlegt. Sem dæmi þá hafa þessar þjóðir ekki skipt út sínum gjaldmiðli til að taka upp aðra mynt og innviði þjóðfélaganna byggir á álíka viðhorfum. Þá standa Norðmenn og Íslendingar utan Evrópusambandsins, en eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, sem gerir þessum þjóðum kleift að halda samkeppnishæfni innan Evrópu (Skatteftirlit á Íslandi Samanburður við Norðurlönd, 1998). Þrátt fyrir að tekjuskattslöggjöfin á Norðurlöndum sé nokkuð mismunandi eru þessi lönd með verulegt samræmi í því hvaða tekjur teljast skattskyldar.

5.1 Ísland

Ísland er lítil eyja norðarlega í Atlantshafi með heitum uppsprettum og tilkomumikilli náttúru. Íbúar landsins eru um 320.000 flestir eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavík. Fiskveiðar, útflutningur og stóriðjur ásamt ferðaþjónustu eru meginstoðir íslensks efnahagskerfis í dag (Norden, e.d). Reykjavík er að mestu leiti ein heilstæð borg og þar búa um tveir þriðju hlutar Íslendinga. Yfirburðir höfuðborgarsvæðis, yfir aðrar byggðir á Íslandi, eru töluverðar og hefur verið talað um að Ísland sem eitt borgarríki. Reykjavík er einn helsti ferðamannastaðurinn hér á landi og undanfarin ár hefur myndast ákveðin borgarmening í ferðaþjónustu með tilkomu fjölgunar á veitingar- og kaffihúsum og ýmsum galleríum og menningalegum viðburðum Þó má ekki skera tengslin við sjávarbyggðirnar út á landi og sveitirnar því nauðsynlegt er að halda úti byggð á nokkrum stöðum en ekki eingöngu á einu svæði (Bragi Þór Jósefsson og Illugi Jökulsson, 2008, bls. 149). Því óspillt náttúra landsins ávallt eitt helsta aðdráttarafl erlendra ferðamanna og skipar hún stóran sess í samkeppnishæfni í ferðaþjónustu.

Líkt og áður hefur verið vikið að eru virðisaukaskattshlutföllin hér á landi tvö, þ.e. 25,5% og 7%. Almennt bera vörur og þjónusta 25,5% virðisaukaskatt. Matvæli, sala bóka, og dagblöð eru meðal þess sem bera 7% skatthlutfall. Svokallaður gistináttaskattur var hækkaður úr 7% í 14% í ársbyrjun 2012 en hann á að tilgreina á sölureikning þannig myndar hann stofn til virðisaukaskatts. Markmiðið með honum er að afla tekna til uppbyggingar, viðhalds og verndunar fjölsótttra ferðamannastaða (RSK Ríkisskattstjóri, e.d).

Ferðamenn sem kaupa varning og hafa hann með sé af landi brott, hafa kost á því að fá ákveðið hlutfall virðisaukaskatts, þ.e. 15%, af þeim vörum sem þeir versla hér á landi, endurgreiddan við brottför. Áskilið er að kaupverð vörunar nemi minnst 4.000 kr. Einnig þarf að framvísa kvittun fyrir vörukaupum og sérstökum Tax Free eyðublöðum. Ef kaupverð vörunar fer yfir 34.201 kr. þurfa tollfyrirvöld að árita Tax Free ávísunina (RSK Ríkisskattstjóri, e.d).

Þar sem virðisaukaskattshlutfallið er 25,5% hér á landi kemur 20,32% af söluverði til endurreikningar við endurgreiðslu á Tax Free til erlendra ferðamanna, en ferðamaður fær svo um 15% af þeirri fjárhæð greidda til baka við brottför. Sæm dæmi má nefna að keypt er vara fyrir 5.000 kr. fengi ferðamaður um 750 kr. endurgreiddar.

5.2 Danmörk

Danmörk er landfræðilega minnsta og þéttbýlasta landið af samanburðarlöndunum sem eru til umfjöllunar hér. Landið samanstendur af mörgum eyjum með um 5,5 milljón íbúa. Meirihluti íbúa býr í kringum höfuðborg landsins Kaupmannahöfn, eða um 1,2 milljón manna. Landið býr yfir frjósömu og ræktanlegu landi sem nýtist vel og helstu tekjulindir landsins eru meðal annars olía, lyfjaiðnaður og þjónusta við upplýsinga-og tölvugeirann.

Danir hafa einungis eitt skattþrep (Norden, e.d). Í Danmörku er virðisaukaskattshlutfallið 25% á alla selda vöru og þjónustu. Ýmsar undanþágur eru til staðar, en heilbrigðisþjónusta, ferðaskrifstofur, leiga á húsnæði, blaðaútgáfur eru meðal þeirra sem eru undanþegin skattskyldum í Danmörku (TAX in Denmark, e.d).

Í Danmörku er endurgreiðsluhlutfallið á virðisaukaskatti til ferðamanna 12%. Lágmarks upphæð sem ferðamaður þarf að versla fyrir til að fá endurgreiddan virðisaukaskatt er 300 DKK, sem samsvarar 6.739 íslenskum krónum (ISK). Framvísa þarf kvittun fyrir vörukaupum, en einnig þarf tollfrjáls varningur að vera samþykktur af danska Tax Free afgreiðslukerfinu til að teljast endurgreiðsluhæfur (Jørgensen, Pedersen, og Rasmunssen,

1996) og eru endurgreiðslur til ferðarmanna framkvæmdar um leið og ferðamaður fer úr landi (World Tax Rates 2013, e.d).

Samkvæmt Tax Free Worldwide í Danmörk þarf viðkomandi að skila sérstökum eyðublöðum frá viðurkenndum endurgreiðslufyrirtækum til að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti. Virðisaukahlutfallið er 25%, en það þýðir að 20% af söluerði er endurreiknað (TaxFree Worldwide Denmark, e.d). Sem dæmi mætti nefna að ef keypt er vara að fjárhæð 1.250 DKK með virðisaukaskatti, þá yrði endurgreitt 12% af 1.000 DKK til baka eða um 120 DKK (TaxFree Worldwide Denmark, e.d).

5.3 Noregur

Í Noregi eru stór fjall-,skóg- og hálendissvæði, en aðeins rúmlega 3% prósent landsins er ræktanlegt. Í Noregi búa um það bil 4,7 milljónir manns. Áætlað er að um ein milljón manna búi umhverfis höfuðborg landsins Ósló. Stærsta tekjulind Norðmanna er vinnsla og útflutningur á olíu. Málmiðnaður og ferðaþjónusta eru einnig mikilvægar atvinnugreinar fyrir efnahag landsins (Norden, e.d). Noregur er með ríkustu löndum heims en verðlag þar er engu að síður nokkuð hátt, því gæti verið mun hagstæðara fyrir Íslendinga sem búa þar að versla hér á landi og fá virðisaukaskattinn endurgreiddan við brottför.

Virðisaukakatthlutföllin í Noregi eru þrjú, hinn almenni virðisaukaskattur er 25% sem reiknast af innlendum söluskatti af söluerði og innflutningi vara. Á matvæli er 15% virðisaukaskattur. Gistináttaskattur, miðaverið inná söfn, gallerí og bíó bera 8% virðisaukaskatt. Endurgreiðsluhlutfall á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna í Noregi er 11%, en lágmarks upphæð sem þarf að versla fyrir er 290. NOK, eða um 6.522 ISK. (Skatteetaten, e.d).

Samkvæmt Tax Free Worldwide í Noregi þarf viðkomandi að skila sérstökum eyðublöðum frá viðurkenndum endurgreiðslufyrirtækum til að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti. Ef virðisaukaskattur er 25% á vöru, það þýðir að 20% af söluerði er endurreiknað (Tax Free Worldwide Norway , e.d). Dæmi um vöru sem kostar 315 NOK, þá væri endurgreiðsla af þeirri upphæð 40 NOK eða 12,70% af kaupverði (Tax Free Worldwide Norway , e.d).

Árið 2007, þegar alþjóðlega fjármálakreppan reið yfir heiminn, dró úr neyslu erlendra ferðamanna í Noregi um allt að 5% miðað við árið áður. Töluverðið aukning hefur eigi að síður orðið þar í ferðaþjónustu undanfarinn ár og hefur gistinóttum fjölgað á milli árunna 2011 - 2012. Heildavelta í þjónustugreinum þ.e.. gistingu og veitingarrekstri hefur aukist um 4,2 %

frá þriðja ársfjórðungi 2011 til þriðja ársfjórðungs 2012, veitingarstaðir landsins eru með aukningu um allt að 6,2% á þessu tímabili (Statistics Norway, 2013).

5.4 Svíþjóð

Svíþjóð er fjölmennast Norðurlandanna með um 9,2 milljón íbúa. Um tvær milljónir þeirra búa við Stokkhólm sem er höfuðborg landsins. Stöðuvötn og fallvötn þekja nær tíu prósent af landsrými landsins, en ræktanlegt landsvæði er 27.000 ferkílómetrar. Mikið er flutt út af vörum og þjónustu í landinu en helstu útflutningsvörurnar eru raftæki, vélar og bílar (norden, e.d).

Í Svíþjóð er þrjú virðisaukaskatthlutföll, þ.e. 25%, 12% og 6%. Almenn tölur bera vörur, og tóbak 25% virðisaukaskatt. Matvæli, veitingarhús, og hótalgistingar eru með 12%, virðisaukaskatt. Dagblöð, tímarit, leikhúsmiðar bera yfirleitt 6% virðisaukaskatt, enda þótt að bækur og tímarit bera 6% virðisaukaskatt þá er 25% skattur á rafrænar bækur og blöð (Skatteverket, e.d).

Endurgreiðsluhlutfallið til erlendra ferðamanna í Svíþjóð er 9% og lágmarks upphæð sem versla verður fyrir til að fá virðisaukaskattinn endurgreiddan er 200 SEK. Ef verslað er fyrir 1250 SEK væri endurgreiðslan á vörunni um 112 SEK eða um 2.080 ISK (Tax Free Worldwide , e.d).

Ferðþjónusta í landinu hefur farið vaxandi með ári hverju. Árið 2012 kom út skýrsla „*Tourism in Sweden*“ í því riti eru ferðalög og ferðþjónusta sýnd frá mismunandi sjónarhorni eins og efnahagsástandi, atvinnu, framboði og eftirspurn. Í skýrslunni var talið að ferðþjónustan í landinu væri vanþróuð og betra skipulag og frekari aðgerða þyrfti til ef laða ætti erlenda ferðamenn til landsins og bæta samkeppnishæfni þess í ferðþjónustu. Þó hækkaði heildavelta í ferðþjónustu um 6,4% árið 2011. (Publikationer, 2012, bls. 3). Lækkun á virðisaukaskatti á veitingahús í Svíþjóð tók gildi um áramótin 2013. Var virðisaukaskattur á veitingarhús þá lækkaður úr 25% niður í 12%. Með þessari aðgerð gera stjórnvöld sér vonir um að viðskiptin dafni betur á matsölustöðum landsins í ljósi þess hvers illa efnahagurinn hefur þróast almennt i landinu (Túristi, 2012)

5.5 Samantekt úr samanburði

Samanburðarlöndin fjögur sem hafa verið hér til umfjöllunar eru gjarnan borin saman þar sem þau eru að mörgu leyti lík. Endurgreiðsluferli þeirra er þannig að þau setja ákveðin fyrirfram skilyrði, varðandi reglur og fyrirkomulag vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti til ferðamanna. Þau helstu atriði sem uppfylla þarf er að viðkomandi hafi lögheimili í öðru landi,


og vöru þarf að framvísa ásamt útfylltum Tax Free eyðublöðum frá endurgreiðslufyrirtækum þegar farið er af landi brott. Fara verður með vöruna úr landi fyrir ákveðin tíma frá kaupdegi auk þess sem versla þarf fyrir lágmarksupphæð í hverju landi fyrir sig þó endurgreiðsluhlutfall sé mismunandi.

Þó svo að Ísland sé nokkuð fámennari þjóð samanborið við hin, en á Íslandi búa um 320.000 manns, meðan 9,2 milljónir manna búa í Svíþjóð sem er fjölmennasta norræna ríkið, deila þau sameiginlegri menningararfleið og þjóðfélagshættum. Hér neðar má sjá yfirlit yfir fólksfjölda, stærð og íbúafjölda á ferkílómetra af landsvæði í hverju landi fyrir sig.

	Danmörk	Svíþjóð	Noregur	Ísland
Íbúafjöldi	5.580.516	9.482.855	4.985.870	319.575
Stærð í ferkílómetrum (km ²)	43,561	450,295	323,787	103,3
Íbúafjöldi á km ² af landsvæði	130,1	23,1	16,5	3,5
Gjaldmiðill	DKK	SEK	NOK	ISK
Aðili af Evrópusambandinu	Já	Já	Nei	Nei

Mynd 7 Íbúafjöldi í hverju landi (indexmundi, e.d)

Þó að norðurlöndin hafa ekki verið fjölsótt ferðamannalönd þá fjölgar ferðamönnum þar árlega, en það eru aðallega náttúra, saga og menning og lífshættir þessara landa sem ferðamenn laðast að (Ferðaheimur, 2012). Líkt og áður hefur komið fram virðist vera mikil gróska í ferðaiðnaði á Íslandi miðað við hin Norðurlöndin og hefur fjöldi erlendra gesta hlutfallslega hækkað meira hér á landi en í hinum samanburðarlöndunum, eins og sjá má á neðangreindri mynd.



**Mynd 8 Fjöldi ferðamanna í hverju landi frá 2007-2010
(indexmundi, e.d)**

Myndin hér að ofan sýnir breytingu á fjölda erlendra gesta í þeim fjórum löndum sem hér hafa verið til umfjöllunar. Eins og sjá má á línuritinu hér að ofan, þá hefur dregið úr komu ferðamanna undanfarin ár í þessum löndum eða frá því 2007, en þó bendir allt til þess að ferðaiðnaðurinn sé að sækja í sig veðrið og eftirspurn eftir ferðalögum sé að koma til aftur eftir fjármálahrun (Oddný Þóra Ólafsdóttir, 1988).

Þá má einnig vera ljóst að Íslendingar greiða hærra hlutfall til endurgreiðslu vegna Tax Free en hinar samanburðarþjóðirnar, en þó er ekki hægt að fullyrða hvort um séu að ræða hærri fjárhæðir, eða einungis hærra hlutfall, þar sem slíkar tölur hafa ekki fengist uppgefnar við vinnslu þessarar ritgerðar.

5.6 Samanburður á endurgreiðsluhlutfalli

Ef skoðað er endurgreiðsluhlutfallið á milli þessa landa þá má sjá að Ísland er með þó nokkuð hærra hlutfall Tax Free endurgreiðslna, en þau lönd sem hér hafa verið borin saman. Í Svíþjóð er endurgreiðsluhlutfallið 9% og lágmarks upphæð sem versla þarf fyrir til að geta nýtt sér endurgreiðslur er 200 SEK sem er um það bil 3.958 ISK (Tax Free Worldwide , e.d). Í Noregi er endurgreiðsluhlutfallið 11%. Versla þarf fyrir lágmark 290. NOK sem er um 6.414 ISK (Tax Free Worldwide Norway , e.d). Í Danmörk er endurgreiðsluhlutfallið 12% og lágmarks upphæð er 300 DKK, sem er um 6.614, ISK (TaxFree Worldwide Denmark, e.d)

Ef skoðað er endurgreiðsluhlutfallið á milli þessa landa þá má sjá að Ísland er með þó nokkuð hærra hlutfall Tax Free endurgreiðslu, en þau lönd sem hér hafa verið borin saman. Í Svíþjóð er endurgreiðsluhlutfallið 9% og lágmarks upphæð sem versla þarf fyrir til að geta nýtt sér endurgreiðslur er 200 SEK sem er um það bil 3.958 ISK (Tax Free Worldwide , e.d). Í Noregi er endurgreiðsluhlutfallið 11%. Versla þarf fyrir lágmark 290. NOK sem er um 6.414 ISK (Tax Free Worldwide Norway , e.d). Í Danmörk er endurgreiðsluhlutfallið 12% og lágmarks upphæð er 300 DKK, sem er um 6.614, ISK (TaxFree Worldwide Denmark, e.d)

Notast var við skráð kaupgengi hjá Seðlabanka Íslands þann 11. mars 2013. Þegar fjárhæðir í mismunandi gjaldmiðlum eru bornar saman þarf að ígrunda vel þann umbreytingarstuðul sem notað er, því skráð gengi getur gefið ranga mynd af verðlagi.

Mynt	Lágmarks upphæð	Verðlag í ISK.	Endurgr.hlutfall
Ísland	4000 ISK	4000	15%
Danmörk	300 DKK	6739	12%
Noregur	290 NOK	6522	11%
Svíþjóð	200 SEK	3859	9%

Mynd 9 Endurgreiðsluhlutfall
(Tax Free Worldwide , e.d).

Eins og sjá má er endurgreiðsluhlutfallið hér á landi um 6% hærra ef miðað er við lágsta hlutfallið sem er í Svíþjóð eða 9%. Þessi mismunur á hlutfalli getur verið talsverður fyrir ferðmenn þegar kemur að endurgreiðslu á Tax Free, þó sérstaklega ef verið er að versla með dýran varning. Sjá má á mynd 11 endurgreiðslu af 40.000. kr. getur orðið allt að 6.000 kr. hér á landi en ef varan er keypt í Svíþjóð þá má áætla að fjárhæðin verði um 3.600 kr. Ætla má ef upphæðir fara að vera nokkuð hærri þá gæti þetta munað þó nokkuð mikið fyrir ferðamanninn, hvað það væri mun hagstæðara að versla hér á landi ef miðað er við Svíþjóð. Á neðangreindri mynd má sjá mismuninn á Tax Free greiðslum milli samanburðarlandanna.

Löndin	Upphæð	VSK	Upphæð	Endurgr.VSK		Mismunur í	
				hlutfall	Gengi	ISK	
Ísland	50.200	25,5%	40.000	15%	6.000		6.000
Svíþjóð	2.540	25%	2.024	9%	182	19,761	3.600
Noregur	2.269	25%	1.808	11%	199	22,127	4.400
Danmörk	2.274	25%	1.812	12%	217	22,076	4.800
							67%

Mynd 10 Mismunur á endurgreiðslu milli landa
(Tax Free Worldwide, e.d)

Líkt og áður hefur verið vikið hér að voru reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna meðal annars settar til þess að stuðla að aukinni samkeppnishæfi innlendrar verslunar á alþjóðlegum markaði. Verður því næst vikið stuttlega að rannsókn um samanburð um samkeppnishæfni í ferðaþjónustu og skoðað hvernig samanburðarríkin koma þar út.

5.7 Samkeppnishæfni

World Economic Forum gerði samanburð árið 2011 í 139 löndum um samkeppnishæfni í ferðaþjónustu. Markmið samanburðaskýrslunnar var að afla upplýsinga um samkeppnishæfni landa í ferðaþjónustu. Skýrslunni er skipt í þrjá meginflokka og undirflokka. Undirflokkarnir eru settir saman úr ákveðnum breytum sem hafa áhrif á heildareinkunn ríkja. Þeir helstu þættir

sem kannaðir eru til að meta styrkleika ríkjanna í samanburði, eru lagalegt umhverfi, stefnur og reglur varðandi öryggi ferðamanna, náttúra, samgöngur og viðskiptaumhverfi, ásamt fleiri þáttum. Hverju landi er gefin heildareinkunn frá 1 upp í 6. Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Ísland eru meðal þeirra 139 landa sem metin voru (World Economic Forum, 2013).

Samanburðarlöndin	Heildareinkunn	Nr.sæti 2011	Nr.sæti 2009
Svíþjóð	5,34	5	7
Ísland	5,19	11	16
Danmörk	5,05	16	14
Noregur	4,98	20	19

Mynd 11 Samkeppnishæfni

(The TPCI 2011 rankings, 2012)

Eins og sjá má á töflu hér að ofan þá er Svíþjóð í 5.sæti af 139 löndum, með heildareinkunn 5,34 en var árið 2009 í 7. sæti. Ísland kemur næst á eftir í 11. sæti með heildareinkunn 5,2. Danmörk í 16. sæti og Noregur 20. sæti með heildareinkunn 4,98. Löndin fjögur sem fjallað hefur verið um hér að ofan standast því vel þær kröfur sem gerðar eru til ríkja varðandi samkeppnishæfni í ferðaþjónustu (World Economic Forum, 2013).

6. Niðurstöður

Rannsóknarspurningin sem leitast var við að svara með ritgerð þessari var hvort endurgreiðsluhlutfall á virðisaukaskatti til ferðamanna hér á landi væri í samræmi við endurgreiðsluhlutfall hjá nágrannaþjóðum okkar Danmörku, Noregi og Svíþjóð?

Af því sem hér hefur verið rekið má telja ljóst að Íslendingar endurgreiða hærra hlutfall virðisaukaskatts vegna Tax Free verslunar en þær þjóðir sem hér hafa verið bornar saman. Á Íslandi er endurgreiðsluhlutfallið 15% sem er það hæsta meðal samanburðar landanna, eða 6% hærra en hjá Svíþjóð, sem er með lægsta endurgreiðsluhlutfallið eða 9%. Mismunurinn er þó minni gagnvart Danmörku og Noregi, en endurgreiðsluhlutföllin í þeim ríkjum eru 12% og 11%. Sú lágmarksupphæð sem ferðamaður þarf að hafa verslað fyrir til þess að eiga rétt á endurgreiðslu er þó sambærileg hjá Íslendingum og Svíum eða um 4.000 kr., en sú lágmarksfjárhæð er öllu hærri hjá Dönnum og Norðmönnum eða rúmar 6.500 kr.

Í þessu samhengi er vert að varpa þeirri spurningu fram hvort Íslendingar séu að endurgreiða of hátt hlutfall virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna vegna Tax Free verslunar? Við skoðun á því þarf meðal annars að líta til þess að almennt greiðir ríkissjóður ávallt 20,32%, þ.e. heildar verð afreiknings af virðisaukaskatti af seldri vöru, en ferðamaður fær aðeins endurgreitt um 15%. Þannig greiðast um 5,32% af endurgreiðslufjárhæðinni til endurgreiðslufyrirtækja í formi þjónustugjalda. Verði dregið úr endurgreiðsluhlutfallinu, án þess að heildarbreytingar verði gerðar á endurgreiðslufyrirkomulaginu, má leiða líkur að því að það muni aðeins leiða til þess að ferðamaðurinn fái lægra hlutfall virðisaukaskatts endurgreiddan, en endurgreiðslufyrirtækin muni njóta þess aukna mismunar. Sem dæmi má nefna að verði endurgreiðsluhlutfallið lækkað niður í 9% fyrir erlendan ferðamanna, mun það gera þeim aðila sem annast endurgreiðsluna mögulegt að innheimta hin 11,32% sem þjónustugjöld sem þýðir í raun að ferðamaðurinn fær minna fyrir sinn snúð.

Telja verður að slíkt fyrirkomulag muni ekki virka eins kauphvetjandi og nógildandi fyrirkomulag, auk þess sem ríkissjóður mun áfram þurfa að endurgreiða sömu upphæð, enda er kveðið á um það í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 294/1997 um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna að skattstjóri skuli endurgreiða endurgreiðsluaðila heildarfjárhæð þess virðisaukaskatts sem erlendir ferðamenn hafa greitt af keyptri vöru.

Með hliðsjón af því sem hér að framan greinir verður því að mæla gegn því að dregið verði úr endurgreiðsluhlutfallinu, enda er Tax Free endurgreiðslukerfið farið að njóta víðtækari athygli og áhuga meðal ferðamanna og ekki er hægt að útiloka kauphvetjandi áhrif þess.

Þó ekki væri hægt að fá aðgang að tölulegum upplýsingar þá veitti annað endurgreiðslufyrirtækið upplýsingar um fjölda á afgreiðsluformum sem afgreitt var í gegnum kerfið hjá þeim árin 2011-2012. Bersýnilega má sjá á því að mikil aukning er á milli áranna, en árið 2011 voru afgreidd 206.000 afgreiðsluform í heildina og árið 2012 voru afgreitt 230.000 sem er töluverð aukning milli ára. Einnig kom þar fram að í janúar 2012 fóru í gegnum endurgreiðslukerfið hjá þeim 14.000 endurgreiðsluform, en alls fóru 16.000 slík í gegnum kerfi þeirri á sama tíma á árið 2013. Þessar upplýsingar staðfesta það að gríðarleg aukning er á endurgreiðslum hér á landi en ekki er hægt að áætla hvort um raunverulega hækkun á upphæðum milli ára sé að ræða. Þó að þessar tölur sýni fram á aukningu á fjölda Tax Free endurgreiðslna þá kemur ekki fram hve háar fjárhæðir endurgreiðslufyrirtækin greiða og hvort þær hækki á milli ára Þannig er óvíst hvort endurgreiðsluupphæðir hækki á milli ára eða hvort eingöngu sé um að ræða fjölgun á afgreiðsluformum.

Samt má áætla að þær tölur sem getið er um gefi ákveðnar vísbendingar um að erlendir ferðamenn versli meira af vörum hér á landi en síðastliðin ár. Það má geta sér til um að samanburðarlöndin endurgreiði gríðarlegar upphæðir í formi Tax Free. Í grein Viðskiptaráðs Íslands kemur fram að rúm 1,5 milljón ferðamanna víða um Evrópu hafa nýtt sér þjónustu endurgreiðslufyrirtækisins Tax Free Worldwide árið 2010. Hálf milljón ferðamanna komu hingað til landsins árið 2010 og áætlað var að hver þessara ferðamanna keypti að meðaltali vörur fyrir 16.500 kr. Tæplega 300.000 þeirra fengu endurgreiðslur af virðisaukaskatti við brottför frá landinu, og gert er ráð fyrir að keypt var Tax Free vörur fyrir rúma fimm milljarða (Viðskiptaráð Íslands , 2012).

Sú aukning sem hefur verið í ferðamannaiðnaði undanfarin ár og virðist fara vaxandi verður til þess að aukning á Tax Free greiðslum á eftir að aukast enn frekar, eins og fram kemur í tímariti sem Landsbankinn gaf út í síðastliðinn mánuð þá hefur neysla ferðamanna og endurgreiðslum á virðisaukaskatti til þeirra fjölgað töluvert á milli ára.

7. Lokaorð

Upphaflega var ætlun höfunda með ritgerðinni að bera saman tölulegar upplýsingar um endurgreiðslur á virðisaukaskatti milli landanna og þannig skoða hve háar fjárhæðir þessar þjóðir endurgreiða af virðisaukaskatti til aðila með fasta búsetu erlendis. Ekki reyndist hægðarleikur að sækja þær upplýsingar sem þörf var á til að sjá hvort raunveruleg aukning væri á milli ára, og hvað endurgreiðsluaðilar eru að greiða háar fjárhæðir á ári hverju.

Þar sem mikil samkeppni ríkir á milli þessa fyrirtækja voru þau ekki tilbúin til þess að gefa upp tölfræðilegar upplýsingar varðandi aukningu og fjölda þeirra sem leitast við að fá virðisaukaskatt endurgreiddan. Því var ekki gerlegt að reikna út þær fjárhæðir sem endurgreiddar voru og hver hinn raunverulegi mismunur væri milli landanna. Þó má vera ljóst að Ísland greiðir herra hlutfall af virðisaukaskatti til ferðamanna miðað við hin löndin, sem eru þó nokkuð fjölmennari og með töluvert stærra hagkerfi samanborði við Ísland.

Efnahagssamdráttur sem hefur orðið í Evrópu, og víða í heiminum hefur dregið úr einkaneyslu og eftirspurn eftir ferðalögum. Þó eru ýmsar vísbendingar um að eftirspurn sé að aukast á alþjóðavettvangi. Ísland er fámenn þjóð, en mikilvægt er að vanmeta ekki þá styrkleika sem Ísland hefur umfram aðrar þjóðir. Helsta aðráttaraflið er hálendi landsins og fjölbreytt landslag, auk þeirrar ósnortnu víðáttu sem er víða um land. Ferðaþjónusta gegnir mikilvægu hlutverki fyrir hvert þjóðfélag, vegna tekjuöflunar og sölu á þjónustu og vörum og verður að telja að Tax Free endurgreiðslur kunni að leiða til þess að ferðamenn komi hér til lands í auknum mæli og eyði jafnvel meiru en ella.

Endurgreiðsla á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna hefur verið umfjöllunarefni þessa verkefnis. Þó að ekki reyndist mögulegt að fá tölulegar upplýsingar frá þeim endurgreiðslufyrirtækjum sem eru starfandi hér á landi, þá má það vera ljóst eins og fram hefur komið í þessari umfjöllun, að ferðamenn nýta Tax Free endurgreiðslur í mun ríkari mæli í dag en áður fyrr. Höfundur vonar að lestur ritgerðarinnar vakið athygli á viðfangsefninu og hafi dregið upp skýrari mynd af hugtakinu Tax Free. Ávinningur af því að fá ferðamenn til landsins er mikill, þar sem gjaldeyrstekjur er mikill ábati fyrir þjóðfélagið í heild sinni. Landið þarf að vera samkeppnishæft í samanburði við önnur lönd. Sérstaða landsins er óspillt náttúra þess, útivist og jöklar en Ísland hefur það fram yfir önnur lönd. Tækifæri til verðmætasköpunar eru veruleg sem munu nýtast samfélaginu í heild um ókomna framtíð.

Heimildaskrá

- 155 milljarða gjaldeyristekjur af ferðamönnum. (2010, 30. nóvember). *Viðskiptablaðið*. Sótt 30. desember 2012 af <http://www.vb.is/frettir/58595/>
- Accommodation. (2013, 05. febrúar). *Statistics Norway*. Sótt 09. febrúar 2013 af http://www.ssb.no/english/subjects/10/11/overnatting_en/
- Ásgeir Jónsson. (e.d). *Ferðaþjónusta og þjóðartekjur (PowerPoint glærur)*. Sótt 2. Janúar 2013 af <https://notendur.hi.is/ajonsson/land/ferdathjonusta.ppt>
- Ásmundur G. Vilhjálmsson. (1994). *Skattaréttur 1. Í Skattaréttur 1*. Reykjavík.
- Bragi Þór Jósefsson og Illugi Jökulsson. (2008). Reykjavík ÚT OG INN. Reykjavík: Skrudda.
- Dimanche, F. (2003, 1. febrúar). *The Louisiana Tax Free Shopping Program for International Visitors*. Sótt af *Journal of Travel Research* 41(3) 311-314 : <http://jtr.sagepub.com/content/41/3/311.full.pdf+html>
- Dóms-kirkjumálaráðuneyti:Reglugerð um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna. (1997, 06. maí). *Reglugerðasafn*. Sótt 28. desember 2012 af [Reglugerð 297/1997: http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/294-1997](http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/294-1997)
- Endurgreiðsla VSK. (e.d). *Endurgreiðsla VSK*. Sótt 3. janúar 2013 af http://www.tollur.is/displayer.asp?cat_id=1750.
- Ferðaheimur. (2012). *NORÐURLÖND*. Sótt 8. mars 2013 af <http://www.icelandonline.is/ferdaheimurisl/nordurlond.htm>
- Ferðamálaáætlun 2006 - 2015. (2004). *innanrikisraduneyti.is*. Sótt 09. febrúar 2013 af http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrsla/Ferdamalaaatlun_2006-2015_LOKA_11_2005.pdf
- Ferðamálastofa. (e.d.). *Febrúar- Fjölgun ferðamanna á Íslandi ein sú mesta í Evrópu*. Sótt 27. desember 2012 af <http://ferdamalastofa.is/Category.mvc/DisplayElement?moduleid=220&catid=328&sid=909>

- Ferðamálastofa. (e.d). *Fjöldi ferðamanna (Gagnaskrá)*. Sótt 01. apríl 2013 af Heildarfjöldi erlendra gesta 1949-2011: <http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna>
- Ferðamálastofa. (15. janúar 2013). *Upplýsingar*. Sótt 25. febrúar 2013 af Hugtök og Skilgreiningar: <http://www.ferdamalastofa.is/Category.mvc/Display/6>
- Ferðaþjónusta á Íslandi í Tölum, apríl 2012. (án dags.). *Ferðaþjónusta á Íslandi í Tölum, apríl 2012*. Sótt 09. febrúar 2013 af [ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is): http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/talnaefni/ferdatjon_i_tolum_apr_2012.pdf
- Frumvarp til laga um virðisaukaskatt, þskj. 781, 431. mál. (án dags.). Sótt 27. desember 2012 frá Vefútgáfa Alþingistíðinda: <http://www.althingi.is/altext/110/s/pdf/0781.pdf>
- Global Blue. (e.d). *Tax Free Shopping Global Blue*. Sótt 15. febrúar 2013 af http://www.global-blue.com/merchant-services/is_is/ourproducts/tax-free-shopping16/.
- Hagstofa Íslands . (2011, 15. desember). *Hagstofa Íslands - Útgáfur - Útgáfur eftir efni*. Sótt 29. janúar 2013 frá Ferðaþjónustureikningar 2009-2011 Hagtíðindi 2011:3: <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=13357>
- Hagstofa Íslands. (3. febrúar 2012). *Gistinóttum fjölgar um 27% í desember nr. 21/2012*. Sótt 29. janúar 2013 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=8564>
- Hagstofa Íslands. (15. desember 2011). *Hagstofa Íslands - Útgáfur - Útgáfur eftir efni*. Sótt 29. janúar 2013 af Ferðaþjónustureikningar 2009-2011: <https://hagstofa.is/?PageID=421&itemid=f6fd551f-dad6-4c4c-aa73-91b7af3f182a>
- Hagstofan. (15. desember 2011). *Hagtíðindi Statistcal Series*. Sótt 29. janúar 2013 af Ferðaþjónustureikningar 2009-2011: <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=13357>
- Hagtíðindi Statistical Series. (e.d). *Hagstofan.is*. Sótt 29. janúar 2013 af <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=13357>

- ICELAND.IS. (28. november 2012). *Tölulegar upplýsingar* . Sótt 29. mars 2013 af
ICELAND.IS THE OFFICIAL GATEWAY TO ICELAND:
<http://www.iceland.is/islandalltarid/tolulegar-upplýsingar/>
- indexmundi. (e.d). *Sweden international tourism*. Sótt 2. mars 2013 af
<http://www.indexmundi.com/facts/sweden/international-tourism>
- Jónatan Þórmundsson. (1982). Fyrirlestrar í Skattarétti. Í J. Þórmundsson, *Fyrirlestrar í Skattarétti* (bls. 2). Reykjavík.
- Jørgensen, L. L., Pedersen, B. A., & Rasmunssen, L. (1996). Moms Loven med kommentarer og EU-henvisninger. Í M. L. Henvisninger. Forlaget FSR.
- KEF Keflavíkurlflugvöllur. (án dags.). *Endurgreiðsla á vsk - Kefairport.is*. Sótt 25. janúar 2013 af <http://www.kefairport.is/Fyrir-brottför/Endurgreiðsla-a-vsk/>
- Landsbankinn. (2013). *Ferðaðjónusta á Íslandi:Greining Hagfræðideildar Landsbankans*. Reykjavík: Prentmet.
- Landsbankinn. (8. apríl 2013). *Ferðaðjónusta á Íslandi:Greining Hagfræðideildar Landsbankans*. Reykjavík. Sótt af <http://www.landsbankinn.is/uploads/documents/frettir/Ferdathjonusta-a-Islandi-Greining.pdf>
- Landsbankinn. (e.d). *Gjaldeyrisafgreiðsla í Leifsstöð- Landsbankinn*. Sótt 09. febrúar 2013 af www.landsbankinn.is:
<http://www.landsbankinn.is/einstaklingar/afgreidslaogthjonusta/gjaldeyrisafgreidslaileifsstod/>
- Louisiana Tax Free Shopping for International Visitors . (e.d). *Welcome to Louisiana* . Sótt 11. mars 2013 af <http://www.louisianataxfree.com/>.
- LOUISIANA TAX FREE SHOPPING. (e.d). *Louisiana Tax Free Shopping*. Sótt 11. mars 2013 af <http://www.louisianataxfree.com/>.

norden . (e.d). *Staðreyndir um Danmörk*. Sótt 2. Janúar 2013 af <http://www.norden.org/is/um-nordurloend/nordurloendin-og-faereyjar-graenland-og-alandseyjar/stadreyndir-um-danmoerku>

norden. (e.d). *Staðreyndir um Ísland*. Sótt 2. Janúar 2013 af <http://www.norden.org/is/um-nordurloend/nordurloendin-og-faereyjar-graenland-og-alandseyjar/stadreyndir-um-island>

norden. (e.d). *Staðreyndir um Noreg*. Sótt 2. Janúar 2013 af <http://www.norden.org/is/um-nordurloend/nordurloendin-og-faereyjar-graenland-og-alandseyjar/stadreyndir-um-noreg>

Norden. (e.d). *Staðreyndir um Danmörk*. Sótt 2. Janúar 2013 af <http://www.norden.org/is/um-nordurloend/nordurloendin-og-faereyjar-graenland-og-alandseyjar/stadreyndir-um-danmoerku>

Oddný Þóra Ólafsdóttir. (30. janúar 1988). *Skattfrjáls ferðamannaverslun stuðlar að auknum viðskiptum-munu íslensk stjórnvöld læra af reynslu nágrannaþjóða?* Sótt 09. febrúar 2013 af Lesbók Morgunblaðsins: http://www.ferdamalastofa.is/upload/files/Ferðaðþjónusta%20í%20tölum%202011_endanlegt.pdf

Publikationer. (2012). *Tilvæxtverket Publikationer-*. (P. Terpstra, Ritstjóri) Sótt 14. desember 2012 af Tourism in Sweden: <http://publikationer.tillvaxtverket.se/ProductView.aspx?ID=1860>

Publikationer. (2012). *Tourism in Swedeb, 2011* . Sótt 09. febrúar 2013 af Tillväxtverkets Publikationer: http://www.ssb.no/english/subjects/10/11/overnatting_en/

Ríkisskattstjóri, R. (1998). Handbók um virðisaukaskatt 1998. Í R. Ríkisskattstjóri. Steindórsprent Gutenberg.

RSK Ríkisskattstjóri. (e.d). *skattar og gjöld /einstaklingar Ríkisskattstjóri*. Sótt 25. janúar 2013 af <http://www.rsk.is/einstaklingar/skattar-og-gjold/>.

- RSK Ríkisskattstjóri. (e.d). *Endurgreiðslur Virðisaukaskattur Atvinnurekstur Ríkisskattstjóri.*
 Sótt 25. janúar 2013 af www.rsk.is:
<http://www.rsk.is/atvinnurekstur/virdisaukaskattur/endurgreidslur/>
- RSK Ríkisskattstjóri. (án dags.). *Fjármagnstekjur/Skattar og gjöld/einstaklingar/ríkisskattstjóri.* Sótt 11. mars 2013 af
<http://www.rsk.is/einstaklingar/skattar-og-gjold/fjarmagnstekjuskattur/>
- RSK Ríkisskattstjóri. (e.d). *Fjármagnstekjur/Skattar og gjöld/einstaklingar/ríkisskattstjóri.*
 Sótt 11. mars 2013 af <http://www.rsk.is/einstaklingar/skattar-og-gjold/fjarmagnstekjuskattur/>
- RSK Ríkisskattstjóri. (maí 2011). *Leiðbeiningar um virðisaukaskatt.* Sótt 29. desember 2012
 af www.rsk.is: http://www.rsk.is/media/baeklingar/rsk_1119.is.pdf.
- RSK Ríkisskattstjóri. (e.d). *Skattskylda og skattprósentur Virðisaukaskattur Atvinnurekstur Ríkisskattstjóri.* Sótt 29. desember 2012 af www.rsk.is:
<http://www.rsk.is/atvinnurekstur/virdisaukaskattur/skattskylda-og-skattprosentur/nr/100..>
- RSK Ríkisskattstjóri. (e.d). *Virðisaukaskattur-Skattar og gjöld-Einstaklingar-Ríkisskattstjóri.*
 Sótt 4. jan 2013 af www.rsk.is: <http://www.rsk.is/einstaklingar/skattar-og-gjold/virdisaukaskattur/>
- RSK Skattalagasafn. (e.d). *Skattalagasafn ríkisskattsjóra - log nr. 50/1998 kafli 3.* Sótt 30. janúar 2013 af <http://skattalagasafn.is/?log=50.1988.3>
- Samgönguráðuneytið. (2006). *Ferðamálaáætlun 2006 - 2015.* Sótt 09. febrúar 2013 af
http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrsla/Ferdamalaatun_2006-2015_LOKA_11_2005.pdf
- Skatteetaten. (e.d). *Skatteetaten- Merverdiavgift - veiledning til næringsdrivende- Hva er merverdiavgift.* Sótt 28. janúar 2013 af <http://www.skatteetaten.no/no/Bedrift-og-organisasjon/Merverdiavgift/Merverdiavgift--veiledning-til-naringsdrivende-/?chapter=3727#kapitteltekst>

Skattefirlit á Íslandi Samanburður við Norðulönd. (Mars 1998). *ríkisend.is*. Sótt 2. mars 2013 af <http://www.ríkisend.is/fileadmin/media/skyrslur/skattefirlit.pdf>

Skatteverket. (e.d). *25, 12 eller 6 procents moms?/ Skatteverket*. Sótt 26. janúar 2013 af <http://www.skatteverket.se/foretagorganisationer/moms/vadarmoms/2512eller6procentsmoms.4.7459477810df5bccdd480005156.html>

Statistics Norway. (05. febrúar 2013). Sótt 09. febrúar 2013 af Accommodation, February 2013: http://www.ssb.no/english/subjects/10/11/overnatting_en/

Tax Free Worldwide . (e.d). *Welcome to Tax Free Worldwide Sweden*. Sótt 10. febrúar 2013 af <http://www.taxfreeworldwide.com/sweden>

Tax Free Worldwide. (e.d). *Hvar fæ ég endurgreitt á Íslandi?* Sótt 09. febrúar 2013 af TaxFreeworldwide.com: <http://www.taxfreeworldwide.com/lang-is/is-how-to-get-my-refund.html>

Tax Free Worldwide Norway. (e.d). *What is Tax Free?* Sótt 25. janúar 2013 af www.taxfreeworldwide.com: <http://www.taxfreeworldwide.com/lang-is/nor-what-is-tax-free.html>

Tax Free Worldwide Norway. (e.d). *Velcom to Tax Free Worldwide - Norway*. Sótt 25. janúar 2013 af www.taxfreeworldwide.com: <http://www.taxfreeworldwide.com/lang-is/nor-what-is-tax-free.html>

Tax Free Worldwide. (e.d). *Velkonin til Tax Free Worldwide-Iceland*. Sótt 29. desember 2012 af <http://www.taxfreeworldwide.com/iceland>

Tax Free Worldwide-Iceland. (e.d). *Hvað er Tax Free*. Sótt 08. febrúar 2013 af <http://www.taxfreeworldwide.com/lang-is/is-what-is-tax-free.html>

TAX in Denmark. (e.d). *Tax in Denmark - VAT in Denmark -Danish VAT = moms*. Sótt 29. janúar 2013 af <http://www.taxindenmark.com/article.47.html>

TaxFree Worldwide Denmark. (e.d). *Velcome to Tax Free Worldwide - Denmark*. Sótt 25. janúar 2013 af www.taxfreeworldwide.com: <http://www.taxfreeworldwide.com/lang-is/den-what-is-tax-free.html>

Terpsta, P. (2012). *Tourism in Sweden*. Sótt 09. febrúar 2013 af http://www.ssb.no/english/subjects/10/11/overnatting_en/

The Louisiana Tax Free Shopping Program for International Visitors. (1. febrúar 2003). Sótt af Journal of Travel Research: <http://jtr.sagepub.com/content/41/3/311.full.pdf+html>

The TTCI 2011 rankings. (2012). *weforum.org Table 2*. Sótt 23. febrúar 2013 frá [weforum.org](http://www3.weforum.org/docs/WEF_TTCR_ASEAN_Rankings_2012.pdf):
http://www3.weforum.org/docs/WEF_TTCR_ASEAN_Rankings_2012.pdf

Túristi. (20. janúar 2012). *Nú verður ódýrara að borða í Svíþjóð*. Sótt 20. janúar 2013 af <http://turisti.is/frettir/10-frettir/583-nu-verdur-odyrara-ad-borda-i-svitjod.html>

Viðskiptablaðið. (30. nóvember 2010). *Viðskiptablaðið 155 milljarða gjaldeyristekjur af ferðamönnum*. Sótt 30. desember 2012 af <http://www.vb.is/frettir/58595/>

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS. (án dags.).

Viðskiptaráð Íslands . (21. mars 2012). *Hvers virði er erlendur ferðamaður? - Frétt - Viðskiptaráð Íslands*. Sótt 11. mars 2013 af <http://www.vi.is/um-vi/frettir/nr/1474/>.

Ásgeir G. Vilhjálmsson. (1994). *Skattaréttur 1. Í Skattaréttur 1-2*. Reykjavík.

Virðisaukaskattur-Skattar og gjöld-Einstaklingar-Ríkisskattstjóri. (e.d). *RSK Ríkisstakkstjóri*. Sótt 4. jan 2013 af www.rsk.is: <http://www.rsk.is/einstaklingar/skattar-og-gjold/virdisaukaskattur/>

VSK fyrir byrjendur Virðisaukaskattur Atvinnurekstur Ríkisskattstjóri. (e.d). Sótt 08. október 2013 af RSK Ríkisskattstjóri: <http://www.rsk.is/atvinnurekstur/virdisaukaskattur/vsk-fyrir-byrjendur/>.

World Economic Forum. (2013). *Travel & Tourism Competitiveness Report 2013*. Sótt 4. mars 2013 af [weforum.org](http://www3.weforum.org/docs/WEF_TT_Competitiveness_Report_2013.pdf):
http://www3.weforum.org/docs/WEF_TT_Competitiveness_Report_2013.pdf

World Tax Rates 2013. (e.d). *Denmark VAT and Sales Tax Rate for 2013*. Sótt 30. janúar 2013 af <http://world.tax-rates.org/denmark/sales-tax>

World Tourism Organization UNWTO. (28. janúar 2013). *International tourism to continue robust growth in 2013* World Tourism Organization UNWTO. Sótt 08. febrúar 2013 af <http://media.unwto.org/en/press-release/2013-01-28/international-tourism-continue-robust-growth-2013>